Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R19110394

BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að slökkt verði á gönguljósum móts við Hörpu - R19110394

BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að slökkt verði á gönguljósum móts við Hörpu - R19110394

Flokkur fólksins leggur til að slökkt verði á gönguljósum móts við Hörpu sem loga reglulega þótt enginn ýti á gönguljósahnappinn. Við fyrstu gatnamót þar sem ekið er frá Hörpu eru umferðarljós með gönguljósum. Þessi ljós ættu að vera í samhengi við ljósin á undan, ásamt gönguljósunum, en það virðist ekki vera og þess vegna myndast raðir að óþörfu. Um 40 metrum eftir gatnamótin frá Hörpu eru tvær gönguþveranir norðan megin götunnar, sem sameinast í ein við Seðlabankann. Önnur er án ljósa en hin með gönguljósum, þar sem er rofabox fyrir gangandi til að kalla fram skiptingu. Síðari gönguþverunin með ljósastýringunni er núna lokuð með steinagirðingu og gönguljósin stillt á tíma, þannig að rautt ljós kemur á umferðina með reglulegu þéttu millibili, án þess að nokkur gangandi maður ýti á takkann, auk þess að þverunin er lokuð. Þetta er því algjörlega tilgangslaust og gerir ekkert nema stöðva akandi umferð að óþörfu. Flokkur fólksins leggur til að slökkt verði á þessum gönguljósum enda tilgangslaus.

- OutlookMessageContent.msg